

Berist engin tilboð eða óaðgengileg í skurðgröft á einhverju ræktunarsvæði, felur stjórn Búnaðarfélags Íslands vélanefnd eða öðrum að láta grafa þar. Jarðræktarráðunautar Búnaðarfélags Íslands hafa eftirlit með framkvæmdum við skurðgröft.

Bændur, sem láta aðra en samþykktu verktaka grafa á jörðum sínum, fá aðeins hálf framlag á skurðina. Ákvæði þetta gildir þó ekki um framræsluframkvæmdir, sem unnar eru á árinu 1968.

Á ræktunarsvæðum, þar sem kostnaður við skurðgröft vegna óhagstæðrar aðstöðu er meira en 25% hærri en meðalkostnaður á landinu, en telst þó nauðsynleg framkvæmd, er landbúnaðarráðherra heimilt eftir tillögu Búnaðarfélags Íslands að hækka ríkisframlagið svo, að hlutur bóndans verði eigi hærri en meðalkostnaður.

- b. Plógræsi skulu boðin út á sama hátt og vélgrafnir skurðir, og skal framlag á þau vera 75% af kostnaði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. apríl 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

24. apríl 1968.

Nr. 37.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við lögin bætist svo hljóðandi

Ákvæði til bráðabirgða:

Á árunum 1968 og 1969 skal greiða $\frac{1}{4}\%$ viðbótargjald af söluvörum landbúnaðarins, sem um ræðir í 2. gr., og rennur það til Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda til húsbýggingar félagsins við Hagatorg í Reykjavík.

Framlaginu skal skipt í réttu hlutfalli við eignarhluta hvors félags í byggingunni. Um álagningu og innheimtu gjaldsins gilda sömu reglur og um búnaðarmálasjóðsgjald.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. apríl 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.